



Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Samráðsgátt mál nr. 213/2021

Reykjavík 25. nóvember 2021

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um drög að stefnu um rafleiki/rafíþróttir.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri



Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um drög að stefnu um rafleiki/rafíþróttir.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir boð um að senda inn athugasemdir við ofangreint mál.

Heilt yfir er stefnumótunin góð og jákvæð að mati Barnaheilla sem styðja innihald hennar.

Þó vilja samtökin koma því á framfæri að það er mikilvægur liður í fræðslu um tölvuleikjaiðkun að kenna börnum að setja mörk og virða mörk annarra í tengslum við fræðslu um jákvæð samskipti. Í tölvuleikjaheiminum er aðgengi að börnum nokkuð greitt fyrir fólk sem leitar sér leiða til að tæla börn og áreita. Börn þurfa að vita af þeirri staðreynd þó ekki sé markmiðið að hræða þau frá tölvuleikjaiðkun eða þátttöku í rafíþróttum. Það styrkir þau og undirbýr þau betur, að þekkja og vera meðvituð um hætturnar og um hvað beri að varast. Rétt eins og þegar þeim er kennt að vara sig í umferðinni og fara að umferðarreglunum. Slík forvarnarfræðsla er nauðsynleg.

Jafnframt er mikilvægt að börn þekki leiðir til að tilkynna um slæma og óviðeigandi framkomu annarra við þau í tölvuleikjum og um að loka á samskipti við viðkomandi.

Því miður er það staðreynd sem mikilvægt er að vera upplýst um og afar mörg dæmi eru um að börn hafi orðið fyrir ofbeldi eftir að samskipti komust á við fólk með slæman ásetning, í gegnum tölvuleiki á neti. Að mati Barnaheilla er óábyrgt að sleppa umfjöllun um hvað ber að varast þó áherslan skuli eindregið vera á það jákvæða sem fæst með skipulögðu rafíþróttastarfi.

Barnaheill hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og veita margvíslega fræðslu um forvarnir gegn ofbeldi, vanrækslu og einelti sem og fræðslu um jákvæð samskipti og barnvænt umhverfi.